

## REGLUGERÐ

um

14  
16. marz

beitarafnot og beitargjald í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.

### 1. gr.

Beitarsvæðið, sem reglugerð þessi hljóðar um, nær yfir:

1. Grundarhólsland frá syðri merkjum Hóls og Grundarhóls, yfir Múrhús að nyrðri merkjum téðra jarða, allt svæðið frá girðingu sandgræðslunnar og býlisins „Skeiði“ til fjalls.
2. Ytribúðarland frá merkjum Traðar og Ytribúðar norður á Grjótleysi á Stiga-hlíð, að merkjum Ytribúða og Hóls, allt svæðið frá hinum útmældu og afgirtu lóðum til fjalls.
3. Fjörubeitarsvæðið í landi Grundarhóls og Ytribúða.

Hreppsnefndinni er eftir sem áður heimil útmæling á beitarsvæðinu.

### 2. gr.

Íbúum á verzlunarlóð Bolungavíkur, svo og íbúum Skeiðs og annarra slikra býla, sem síðar kunna að verða reist í landi hreppsins, utan takmarkalínu verzlunarlóðarinnar, er heimil beit á svæðinu fyrir skepnur þær, sem þeir hafa undir höndum.

Stórgripum má þó ekki beita á Ytribúðaland, meðan núverandi ábúandi býr á jörðinni, nema samþykki hans komi til.

### 3. gr.

Fyrir allan pening, sem alinn er yfir veturinn á svæði því, sem 2. gr. tiltekur, skal árlega greiða gjald í sveitarsjóð Hólshrepps, sem hér segir:

- |   |           |
|---|-----------|
| 1. Fyrir nautgripi, veturgamla og eldri ..... | 10 krónur |
| 2. Fyrir hesta veturgamla og eldri .....      | 20 —      |
| 3. Fyrir geitfé .....                         | 1 króna   |
| 4. Fyrir sauðfé .....                         | 75 aurar. |

Gjaldið er skyldugjald er greiðist að fullu án tillits til þess hvort beitin er mikið notuð eða lítið, og ber eiganda eða þeim, sem hefir utansveitarfénað til fóðrunar, að standa skil á gjaldinu. Tala sauðfjár og geitfjár við skoðun síðla vetrar, samkvæmt forðagæzlubók hreppsins, skal jafnan lögð til grundvallar fyrir innheimtu gjaldsins.

Sá, sem sannar það fyrir innheimtumanni að hann hafi algerlega haft sumarþétt fyrir stórgripi annarsstaðar, og greitt gjald fyrir, getur fyrir 1. október, krafizt þess að beitargjaldið fyrir þann pening verði endurgreitt að  $\frac{3}{4}$  hlutum fyrir hesta og að öllu leyti fyrir nautgripi.

14

16. marz

Ef eigendur búpenings, utan þess svæðis, sem 2. gr. tilgreinir, óska að nota fjörubeitina, þá er það heimilt gegn 2 króna árgjaldi fyrir hvern hest og 25 aura gjaldi fyrir sauðkind, án tillits til þess hvort beitin er mikið notuð eða lítið. Við útreikning gjaldsins samkvæmt þessari grein, skal einnig farið eftir skoðunarskýrslum síðla vetrar, samkvæmt forðagæzlubókinni, nema viðkomandi sanni innheimtumanni að nokkur hluti fénaðar hans hafi alls ekkert notað beitina á árinu.

4. gr.

Gjöld samkvæmt 3. og 4. grein miðast við árið frá 1. okt. til 30. september næstan á eftir. Gjaldldagi er sá sami og fyrri gjaldldagi sveitarútsvaranna, og annast hreppsnefndin innheimtuna gegn 5% innheimtulaunum, í fysta skipti 1931. Gjöldin hafa lögtaksrétt.

5. gr.

Öllum geitfjäreigendum í Hólshreppi er skylt að sjá um að geitfénaður þeirra gangi jafnan með klafa um háls þegar hann er ekki á afréttum, tímabilið frá miðjum apríl til októberloka ár hvert, og séu klafarnir gerðir eftir fyrirmynd er hreppsnefndin lætur búa til og hefir til sýnis.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10—200 krónur. Sektir renna í sveitarsjóð Hólshrepps. Með mál út af reglugerðinni skal farið sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er af sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu, eftir tillögum Hólshrepps, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlagi 31. maí 1927, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. marz 1931.*

**Tryggvi Þórhallsson.**

*Páll Pálmason.*